

4. mars 2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Þann 10. febrúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Reikningsskilaráðs um frumvarp til breytingar á bókhaldslögum, mál nr. 478 sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni.

Almennt telur Reikningsskilaráð að efni frumvarpsins sé til bóta en vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við efni þess:

9. gr.

Í greininni kemur m.a. fram: „Í rekstrarreikningi skal á kerfisbundinn hátt sýna heildartekjur og heildargjöld þannig sundurliðað að reikningurinn gefi skýra mynd af rekstrarafkomunni á reikningsárinu í samræmi við“ Í athugasemdum með lagafrumvarpinu kemur fram í 2. mgr. inngangsins að: „Í lögum um ársreikninga er gerð krafa um glögga mynd. Sú skýring er á þessum mismun í orðavali laganna um „glögga mynd“ og „skýra mynd“ að með „skýrri mynd“ í bókhaldslögum eru gerðar sömu kröfur til trúverðuleika rekstrar- og efnahagsreikninga sem samdir eru samkvæmt þeim lögum og samkvæmt lögum um ársreikninga en tekið er tillit til þess að um ólíka hagsmuni er að ræða hjá semjendum, eigendum og hugsanlegum lesendum reikningsskila þessara aðila og því er ekki ástæða til að gera sömu kröfur og til „glöggrar myndar“ ársreikningalaganna án þess að fallið sé frá kröfum um að ársreikningarnir greini á sem réttastan hátt frá rekstrarafkomunni og eigin fé.“

Reikningsskilaráð er ekki sammála þessari skýringu og telur þennan mismun sem gerður er á „skýrri“ mynd og „glöggri“ óþarfan og leggur því til að vísað verði til glöggrar myndar í bókhaldslögum til samræmis við ársreikningalög.

20. gr

Vakin er athygli á því að í þessari grein er kveðið á um að lögin skuli gilda um færslu bókhalds og samningu ársreikninga sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar. Þó svo að frumvarpið leggi ekki til stórvægilegar breytingar á bókhaldslögum er hér um afturvirka gildistöku að ræða sem kann að vera varasöm.